

Janúar 2022



# Stefnumið í fjölpjóðlegri þróunarsamvinnu

Alþjóðleg þróunarsamvinna Íslands

Stjórnarráð Íslands  
Utanríkisráðuneytið

**Útgefandi:**

Utanríkisráðuneytið

Janúar 2022

postur@utn.is

**Umbrot og textavinnsla:**

Utanríkisráðuneytið

©2022 utanríkisráðuneytið

# Efnisyfirlit

<b>1. Inngangur .....</b>	<b>4</b>
<b>2. Leiðarljós.....</b>	<b>4</b>
<b>3. Áherslur.....</b>	<b>5</b>
3.1 Málefnaáherslur.....	5
3.1.1 Mannréttindi.....	6
3.1.2 Jafnréttismál.....	6
3.1.3 Loftslags-, orku- og umhverfismál .....	7
3.1.4 Málefni hafsins.....	8
3.2 Áherslustofnanir.....	9
3.2.1 UNICEF.....	9
3.2.2 UN Women.....	10
3.2.3 UNFPA.....	10
3.2.4 Alþjóðabankinn.....	10
3.3 Áherslusvæði.....	11
3.4 Aðrar stofnanir og samstarfsleiðir.....	11
<b>4. Starfshættir .....</b>	<b>11</b>
4.1 Áhersla á alþjóðasamstarf.....	11
4.2 Samvinna og samþætting.....	12
4.3 Ábyrgð, eftirlit og árangur .....	13

# 1. Inngangur

Fjölþjóðleg þróunarsamvinna hefur ríkt vægi innan alþjóðlegrar þróunarsamvinnu og er mikilvægur þáttur í hlutverki Íslands um að uppfylla pólitískar, lagalegar og siðferðislegar skyldur sínar sem ábyrg þjóð í samfélagi þjóðanna. Ísland er málsvari lýðræðis, mannréttinda, fjölbreytileika, umburðarlyndis, réttlætis og samstöðu, og stendur vörð um gagnsæjar og sanngjarnar leikreglur í alþjóðasamstarfi. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna liggja til grundvallar fjölþjóðlegrar þróunarsamvinnu og mun Ísland vinna ötullega að framgangi þeirra.

Markmið stefnumiðana er að skilgreina nánar starf Íslands á þessu sviði, þau leiðarljós sem starfið byggir á, áherslur og starfshætti. Stefnumiðin hvíla á stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinna Íslands 2019-2023<sup>1</sup>. Stefnumið þessi verða endurskoðuð ef þurfa þykir árið 2023 þegar ný stefna um alþjóðlega þróunarsamvinna fyrir Ísland hefur verið samþykkt.

Stefnumið þessi ná til allra framlaga sem teljast til fjölþjóðlegrar þróunarsamvinnu á vegum íslenskra stjórnvalda. Utanríkisráðuneytið hefur umsjón með framkvæmd fjölþjóðlegrar þróunarsamvinnu.

## 2. Leiðarljós

### Leiðarljós 1 – VIRK OG VIRÐISAUKANDI ÞÁTTTAKA

Ísland tekur virkan þátt í fjölþjóðlegu þróunarsamstarfi og leggur áherslu á virðisaukandi þátttöku í átt að framgangi heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna

Ísland tekur virkan þátt í málsvarastarfi og stefnumótun á vettvangi fjölþjóðastofnana, ýmist í gegnum kjördæmastarf, stjórnir eða tvíhliða samstarf. Þar skal talað fyrir þeim gildum sem íslenskt samfélag hefur í heiðri og áhersla lögð á skilvirkni og árangur stofnananna. Lögð er áhersla á þá hópá sem búa við fátækt og skort á réttindum, til að mynda konum og stúlkum, hinsegin fólki, fötluðu fólki og öðrum hópum sem eiga undir högg að sækja.

Virðisauki í fjölþjóðlegu þróunarsamstarfi er skilgreindur með þeim hætti að innlegg og þátttaka Íslands auki velsæld en geti jafnframt falið í sér ávinning fyrir Ísland. Samstarf Íslands skal einnig auka slagkraft á lykilmálefna sviðum þar

<sup>1</sup> Þingsályktun nr. 26/149 um stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinna Íslands 2019-2023. Sjá hér: <https://www.althingi.is/altext/149/s/1424.html>

sem leitast er eftir að virkja fjármagn og krafta alþjóðastofnana til að sinna verkefnum sem Ísland hefur ekki bolmagn til að sinna eitt og sér.

## Leiðarljós 2 – FAGLEGIR STARFSHÆTTIR

Samstarf með fjölþjóðlegum stofnunum er byggt á faglegum grunni er í samræmi við bestu starfshætti

Starfið byggir á faglegum grunni og fylgir bestu starfsháttum. Leitast er við að styðja við skilvirkt og gagnsætt fjölþjóðlegt kerfi sem er vel til þess fallið að vinna að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Tilmæli frá Þróunarsamvinnunefnd Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD-DAC) og önnur viðmiðum um góðar starfsvenjur á sviði þróunarsamvinnu liggja til grundvallar. Lögð er áhersla á fyrirsjáanleika í framlögum og samstarfi. Gerð samninga við framkvæmdaaðila skal falli innan gildistíma þróunarsamvinnustefnu á hverjum tíma, eftir því sem við á. Þá skal leitast við að veita sem stærstum hluta framlaga til alþjóðastofnana í formi kjarnaframlaga.

## Leiðarljós 3 – MARKVISS FRAMKVÆMD

Notast er við markmiðasetningu og byggir framkvæmd fjölþjóðlegrar þróunarsamvinnu á þremur grundvallarþáttum: málefnaáherslum, áherslustofnunum og alþjóðlegu samstarfi

Fjölþjóðleg þróunarsamvinna byggir á þremur grundvallarþáttum sem eru í takt við þróunarsamvinnustefnu Íslands: málefnaáherslum, áherslustofnunum og alþjóðlegu samstarfi. Áhersla er lögð á að nýta íslenska sérþekkingu þegar við á.

# 3. Áherslur

## 3.1 Málefnaáherslur

Ísland setur mannréttindi, jafnréttismál og loftslags-, orku- og umhverfismál í forgrunn í fjölþjóðlegu þróunarsamstarfi. Einnig skipa málefni hafsins sess í alþjóðlegu starfi. Unnið er að því að auka slagkraft í þessum málaflokkum í gegnum samstarf við alþjóðastofnanir, með fjárframlögum, í samstarfsverkefnum og í gegnum málsvarastarf, sem og í tvíhliða samstarfi. Sérstaklega er litið til þess að nýta íslenska virðisaukandi sérþekkingu þar sem við á.

### 3.1.1 Mannréttindi

Samkvæmt þróunarsamvinnustefnu 2019-2023 er íslensk þróunarsamvinna mannréttindamiðuð<sup>2</sup>. Mannréttindamiðuð þróunarsamvinna endurspeglar ríka áherslu Íslands á mannréttindi á alþjóðavettvangi og rímar vel við heildræna nálgun í málsvarastarfi.

Mannréttindi eru stór þáttur í málsvarastarfi Íslands á sviði þróunarsamvinnu og á vettvangi þeirra stofnana sem Ísland starfar með. Sem dæmi má nefna að mannréttindi kvenna og réttindi hinsegin fólks fengu mikið vægi í setu Íslands í Mannréttindaráði SP 2018-2019. Einnig veitir Ísland stuðning við sértæk mannréttindatengd málefni.

#### Dæmi um fjölþjóðlegt samstarf Íslands á sviði mannréttinda

Mannréttindatengd verkefni á sviði fjölþjóðlegrar þróunarsamvinnu felast m.a. í stuðningi við verkefni **Meningarmálastofnunar SP** (UNESCO) um tjáningarfrelsi og öryggi fjölmiðlafólks. Í 17 löndum í Afríku veitir Ísland einnig framlög til **samstarfsverkefnis Barnahjálpar SP** (UNICEF) og **Mannfjöldasjóðs SP** (UNFPA) um upprætingu limlestinga á kynfærum kvenna og stúlkna.

Áherslustofnanir Íslands í fjölþjóðlegri þróunarsamvinnu beita einnig mannréttindamiðaðri nálgun, t.d. Mannfjöldasjóður SP<sup>3</sup> (UNFPA) og Barnahjálpar SP<sup>4</sup> (UNICEF), og nýtast kjarnaframlög Íslands þannig til framkvæmda mannréttindaverkefna.

### 3.1.2 Jafnréttismál

Jafnrétti kynjanna og valdefling kvenna<sup>5</sup> er einn af hornsteinum þróunarsamvinnu Íslands, bæði sem þverlæg áhersla og sértækt markmið í starfi. Ísland beitir sér víða í málsvarastarfi á sviði jafnréttismála og er virðing fyrir mannréttindum kvenna og bann við mismunun á grundvelli kynferðis grunnstefið í málflutningi stjórnvalda.

Áherslur á sviði jafnréttismála snúa að fimm meginþáttum.

1. Baráttan gegn kynbundnu ofbeldi og leiðir Ísland alþjóðlegt aðgerðabandalag á þessu málefnasviði.

<sup>2</sup> E. human rights-based. Mannréttindamiðuð nálgun í þróunarsamvinnu gengur út á þá sýn að brot, takmarkanir og virðingarleysi fyrir mannréttindum séu orsakavaldur annarra vandamála t.d. misskiptingar, fátæktar eða spillingar, ekki afleiðing þeirra. Erfitt sé því að leysa úr þeim margþætta vanda sem herjar á þróunarríkin fyrir en að borgarar þeirra njóti almennra mannréttinda og í raun megi færa rök fyrir því að mannréttindi séu grundvallarforsenda þess að hægt sé að leysa úr þessum áskorunum til frambúðar. Heildstæðasta nálgunin á vanda þróunarríkjanna er því að gera mannréttindi að frumforsendu og meginmarkmiði allrar þróunarsamvinnu.

<sup>3</sup> Sjá <https://www.unfpa.org/human-rights-based-approach>

<sup>4</sup> Sjá <https://www.unicef.org/policyanalysis/rights/>

<sup>5</sup> Sjá nánar stefnumið í jafnréttismálum í alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands.

2. Bætt heilbrigði kvenna og stúlkna, meðal annars hvað varðar aðgang að kyn- og frjósemisþjónustu.
3. Að auka aðgang að og bæta gæði grunnenntunar, með sérstaka áherslu á stúlkubörn.
4. Efnahagsleg og pólitísk valdefling kvenna sem stuðlar að gildandi þátttöku kvenna á öllum sviðum samfélagsins, þar með talið í friðar- og öryggismálum og í umhverfis- og loftslagsmálum.
5. Að virkja karla og drengi til að beita sér fyrir auknu kynjajafnrétti.

#### **Dæmi um fjölþjóðlegt samstarf Íslands á sviði jafnréttismála**

Ísland hefur stutt við **griðarstaði UN Women** í flóttamannabúðum Eid-bi-Eid í Jórdaníu við landamæri Sýrlands frá 2015 og situr í stjórn verkefnisins. Í flóttamannabúðunum Za'atari dvelja yfir 80 þúsund Sýrlendingar en meirihluti þeirra eru konur og börn. UN Women í samstarfi við UNCHR rekur griðarstaðina en starfsemin miðar að því að valdefla konur og stúlkur, styðja við frumkvöðlastarfsemi, skapa efnahagsleg tækifæri, og styrkja félagslegt net kvenna. Meðan konurnar sinna atvinnusköpun fá börn þeirra menntun og yngri börnin fara í daggæslu.

#### **3.1.3 Loftslags-, orku- og umhverfismál**

Íslensk stjórnvöld hafa sett sér metnaðarfulla stefnu á sviði loftslags-, orku- og umhverfismála. Um árabíl hefur rík áhersla verið á málefnasviðið í alþjóðlegri þróunarsamvinnu. Stefna Íslands tekur mið af þeim alþjóðlegu sáttmálum sem Ísland hefur gerst aðili að, þ.m.t. Parísarsamningnum og samningi Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni, og byggir á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

#### **Dæmi um fjölþjóðlegt samstarf Íslands á sviði umhverfis- og loftslagsmála**

Ísland tók að sér hlutverk heimserindreka í tengslum við leiðtogafund Sameinuðu þjóðanna um orkumál 2021. Heimserindrekahlutverkið fól í sér málsvarastarf þar sem Ísland kynnti og gerði sýnilegt eitt af fimm meginþemum leiðtogafundarins, um eflingu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna í tengslum við orkuskipti með jafnrétti og réttlæti að leiðarljósi. Ísland lagði áherslu á mikilvægi endurnýjanlegrar orku í blárri og grænni matvælaframleiðslu og -vinnslu, á samspil sjálfbærrar orku og hringrásarhagkerfisins og samspil jafnréttis og endurnýjanlegrar orku.

Ísland hefur aukið framlög til loftslagstengdrar þróunarsamvinnu, m.a. á sviði sjálfbærrar orku og unnið þannig markvisst að því að auka hlutdeild endurnýjanlegrar orku í heiminum. Jafnframt er lögð áhersla á hlutverk landgræðslu og sjálfbærrar landnýtingar í baráttunni við loftslagsbreytingar.

Áhersla er lögð á orkuskipti í bláa hagkerfinu sem er mikilvægt skref til þess að ná kolefnishlutleysi og auka sjálfbærni hafsins.

Til að mæta auknum kröfum um fjármögnun loftslagsaðgerða í þróunarríkjunum hefur Ísland einnig aukið framlög sín til Græna loftslagssjóðsins og gerst aðili að Aðlögunarsjóðnum, en báðir þessir sjóðir heyra undir Parísarsamninginn.

Þá hefur Ísland lagt sérstaka áherslu á samþættingu kynjasjónarmiða í loftslags-, orku- og umhverfismálum og tekur virkan þátt í málsvarastarfi til að tryggja að ákvæði sem stuðla að samþættingu jafnréttissjónarmiða séu tekin inn í alþjóðlega samninga sem varða loftslags- og umhverfismál. Þá hefur verið stutt við sértækar aðgerðir til að efla stöðu kvenna í orkugeiranum í þróunarlöndum.

### 3.1.4 Málefni hafsins

Málefni hafsins skipa stóran sess í öllu alþjóðlegu starfi Íslands. Þróunarsamvinna er þar ekki undanskilin, enda hefur Ísland miklu að miðla á þeim vettvangi, jafnt í málsvarastarfi, framlögum og samstarfi við alþjóðastofnanir, sem og í tvíhliða samstarfi.

Málsvarastarf Íslands í málefnum hafsins á alþjóðavettvangi byggir m.a. á heimsmarkmiði 14 og mikilvægi sjálfbærrar nýtingu auðlinda. Lögð er áhersla á mikilvægi vísindalegrar nálgunar við fiskveiðistjórnun og á þá möguleika sem felast í fullnýtingu hráefnis og nýsköpun í virðiskeðjunni. Einnig er áhersla lögð á að finna lausnir við mengun, þar með talið plastmengun, í hafi og við strendur, á baráttuna gegn ólöglegum veiðum, og á áhrif loftslagsbreytinga á hafið. Lögð er áhersla á þjálfun og uppbyggingu þekkingar í þróunarlöndum sem grunnforsendu framfara.

Í þróunarsamvinnustefnu er lögð áhersla á sjálfbæra nýtingu sjávarauðlinda og uppbyggingu félagslegra innviða í fiskisamfélögum. Leiðarljós í þróunarsamvinnu Íslands á sviði bláa hagkerfisins er að stuðla að bættum lífskjörum íbúa í fiskisamfélögum í þróunarlöndunum á grundvelli mannréttinda, jafnréttis og frelsis.

#### Dæmi um fjölþjóðlegt samstarf Íslands um málefni hafsins

Áhersla á málefni hafsins endurspeglast í samstarfi Íslands og **Alþjóðabankans** en þar er nú lögð aukin áhersla á samvinnu á þessum sviðum út frá heildstæðri nálgun bláa hagkerfisins. Fjórir meginþættir felast í því samstarfi: stuðningur við **ProBlue** sjóð bankans, fjármögnun á stöðu fiskisérfræðings, aðgangur að íslenskri sérfræðiþekkingu í gegnum ráðgjafalista á sviði fiskimála og tvíhliða samstarf við fiskiverkefni bankans.



## 3.2 Áherslustofnanir

Með málefnaáherslur þróunarsamvinnu Íslands að leiðarljósi, tilgreinir stefna um alþjóðlega þróunarsamvinnu fjórar áherslustofnanir í fjölþjóða þróunarsamstarfi: Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF), Stofnun Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna (UN Women), Mannfjöldasjóð Sameinuðu þjóðanna (UNFPA) og Alþjóðabankann.<sup>6</sup>

Alþjóðabankinn	UNICEF	UN Women	UNFPA
Hlutverk: að stuðla að félagslegri og efnahagslegri uppbyggingu þróunarlanda	Hlutverk: að bæta hag barna, ungs fólks og kvenna	Hlutverk: að bæta kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna	Hlutverk: að tryggja kyn- og frjósemisheilbrigði, og frjósemisréttindi í þróunarríkjum
			

### Mynd 1 Áherslustofnanir Íslands í fjölþjóðlegri þróunarsamvinnu

Stuðningur íslenskra stjórnvalda við áherslustofnanir felst einkum í samningsbundnum kjarnaframlögum í samræmi við bestu alþjóðlegu starfsvenjur. Slík framlög gera stofnunum betur kleift að skipuleggja starf sitt og bregðast hratt við breyttum aðstæðum. Þá er stutt við einstök verkefni sem samræmast málefnaáherslum Íslands ásamt virkri þátttöku í málefna- og stjórnarstarfi stofnananna fjögurra.

#### 3.2.1 UNICEF

Hlutverk Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna (UNICEF) er að bæta hag barna, ungs fólks og kvenna. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna er grunnurinn að starfi stofnunarinnar. Styrkur UNICEF felst í kraftmiklu starfi á vettvangi í 190 löndum, bæði í þróunarríkjum og með starfsemi landsnefnda. UNICEF vinnur einkum að framgangi fjórða heimsmarkmiðsins er snýr að því að tryggja menntun fyrir alla, því þriðja um bættu heilsu og vellíðan og heimsmarkmiði númer sex er snýr að aðgengi að hreinu vatni og hreinlætisaðstöðu.

Starf og hlutverk UNICEF rímar vel við stefnuáherslur Íslands á sviði jafnréttis- og mannréttindamála, sér í lagi hvað varðar mæðra- og ungbarnavernd, bætt aðgengi að vatns- og hreinlætismálum og að tryggja öllum börnum aðgang að grunnskólamenntun.

<sup>6</sup> Að auki hefur Ísland áherslustofnanir á sviði mannúðarmála: Samhæfingarskrifstofa aðgerða Sameinuðu þjóðanna í mannúðarmálum (OCHA), Neyðarsjóður Sameinuðu þjóðanna (CERF), Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR), og Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna (WFP). Sjá nánar stefnumið í mannúðarmálum í alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands.

### 3.2.2 UN Women

Stofnun Sameinuðu þjóðanna um kynjajafnrétti og valdeflingu kvenna (UN Women) er í fararbroddi í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna og valdeflingu kvenna. UN Women hefur þrjúþætt hlutverk, hún starfar á vettvangi, sinnir samræmingarhlutverki meðal stofnana SP og er leiðandi í stefnumótun SP á alþjóðavettvangi um málaflökkinn.

Allt frá stofnun UN Women hefur Ísland verið dyggur stuðningsaðili, enda er jafnrétti kynjanna og valdefling kvenna og stúlkna í forgrunni í þróunarsamvinnu Íslands. Þar sem jafnrétti kynjanna er forsenda árangurs allra heimsmarkmiðana svo segja má að starf UN Women tengist öllum heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

### 3.2.3 UNFPA

Hlutverk Mannfjöldasjóðs Sameinuðu þjóðanna (UNFPA) er að stuðla að kyn- og frjósemisheilbrigði, aðgangi að mæðravernd og fæðingarþjónustu, og tryggja frjósemisréttindi. Annað hlutverk UNFPA er að stuðla að aukinni þekkingu á efnahags-, félags- og umhverfislegum afleiðingum fólksfjölgunar og aðstoða þróunarríki við að afla gagna og vinna úr þeim til að bæta stefnumörkun og áætlanagerð á þessu sviði. UNFPA gegnir einnig mikilvægu hlutverki þegar kemur að þjónustu við þolendur kynferðisofbeldis á áttaksvæðum.

Stuðningur við UNFPA vinnur að yfirmarkmiði í Íslands í alþjóðlegri þróunarsamvinnu er snýr að því tryggja almenna velferð á grundvelli mannréttinda og jafnréttis kynjanna. UNFPA vinnur einkum að framgangi þriðja heimsmarkmiðsins um bættu heilsu og vellíðan, og heimsmarkmiðs fimm um jafnrétti kynjanna.

### 3.2.4 Alþjóðabankinn

Alþjóðabankinn er meðal stærstu og áhrifamestu alþjóðastofnana á sviði þróunarsamvinnu. Meginmarkmið Alþjóðabankans er tvíþætt: að binda enda á sárafátækt í heiminum og stuðla að aukinni hagsæld og velmegun fyrir þá fátækustu. Starf bankans tengist öllum heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Aðild og þátttaka í starfi Alþjóðabankans er lykilþáttur í fjölþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands. Í samræmi við yfirmarkmið um að draga úr fátækt og hungri og stuðla að almennri velferð, fer stærsti hluti stuðnings Íslands til [Alþjóðaframfarastofnunarinnar \(IDA\)](#), sem er ein af fimm meginstofnunum bankans. IDA aðstoðar fátækustu þróunarríkin með styrkjum, vaxtalausum lánum og ábyrgðum til þróunarverkefna, auk ráðgjafar.

Ísland styður einnig við sértæka sjóði innan bankans sem sinna verkefnum á sviði jarðhita og endurnýjanlegrar orku, bláa hagkerfisins og málefna hafsins og jafnréttis- og mannréttindamála.

### 3.3 Áherslusvæði

Almennt er leitast við að veita sem stærstum hluta framlaga í fjölþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands í formi kjarnaframlaga til áherslustofnana, í takt við bestu alþjóðlegu starfshætti. Fellur það þá í hlut viðkomandi stofnana að beina framlögum í samræmi við áherslur og markmið þeirra. Allar áherslustofnanir hafa verið valdar með áherslur Íslands í þróunarsamstarfi að leiðarljósi.

Sá hluti fjölþjóðlegrar þróunarsamvinnu Íslands sem ekki er veitt í formi kjarnaframlaga er beint að fátækum og óstöðugum ríkjum, og hafa ríki í Afríku sunnan Sahara, sem og fátæk ríki í Miðausturlöndum, verið í forgangi.

### 3.4 Aðrar stofnanir og samstarfsleiðir

Auk samstarfs við áherslustofnanir er starfað með öðrum alþjóðastofnunum á sviði þróunarsamvinnu og byggist það samstarf á sérstökum málefnaáherslum, hagsmunagæslu og svæðisbundnum áherslum.

Einnig er lögð áhersla á að bjóða fram sérþekkingu með því að veita **tæknilega ráðgjöf** og stuðning í gegnum **útsenda sérfræðinga á vettvangi** sem starfa við eða fyrir alþjóðastofnanir til skemmri eða lengri tíma. Með þessum hætti er leitast við að hámarka virðisauka Íslands í alþjóðlegu samstarfi.

Fjallað er um aðrar leiðir til samstarfs og samstarfsaðila í þróunarsamvinnustefnu.

## 4. Starfshættir

Með fjölþjóðlegri þróunarsamvinnu skal leitast við að rödd Íslands á alþjóðavettvangi heyrir og þar sé Ísland málsvari lýðræðis, mannréttinda, fjölbreytileika, umburðarlyndis, réttlætis og samstöðu. Til þess að þetta nái best fram að ganga hafa faglegir starfshættir verið settir til grundvallar öllu þróunarsamstarfi Íslands.

### 4.1 Áhersla á alþjóðasamstarf

Ísland leggur áherslu á virka þátttöku í alþjóðlegu samstarfi um þróunarsamvinnu. Slíkt felur m.a. í sér samstarf á vettvangi Sp um heimsmarkmiðin og aðrar aðgerðaráætlanir og samninga þeim tengdum, þ.m.t. um Addis Ababa aðgerðaráætlunina um fjármögnun þróunar, í Kvennanefnd Sp, í Mannfjölda- og þróunarnefnd Sp, í Mannréttindaráði Sp, sem og á vettvangi OECD. Alþjóðlegt samstarf tekur mið af alþjóðlegum skuldbindingum, m.a. af Parísaryfirlýsingunni um markvirkni í þróunarstarfi, Accra-aðgerðaáætluninni og Busan-samstarfinu um skilvirkni þróunarsamstarfs.

Ísland skal enn fremur taka virkann þátt á vettvangi þeirra stofnana og sjóða sem framlög eru veitt til. Slík þátttaka felur í sér þátttöku í stefnumótun og málsvarastarfi, sem og að veita viðkomandi stofnun aðhald og fylgjast með árangri. Fastanefndir Íslands í Genf, New York og Róm hafa mikilvægu hlutverki

að gegna í þessum efnum. Tekur Ísland þátt í stýrihópum og stjórnnum samstarfsstofnanna. Þegar stjórnarseta stendur yfir leggur Ísland sig fram við að leiða málsvar á áherslusviðum Íslands, stýra samningaviðræðum og leggja fram tillögur að landayfirlýsingum.

Ísland tekur virkan þátt í störfum Þróunarsamvinnunefndar OECD (DAC)þ Nefndin er samstarfsvettvangur OECD-ríkja sem veita þróunaraðstoð og stuðlar hún að faglegu aðhaldi.

Samstarf meðal Norðurlandanna spannar öll svið alþjóðlegrar þróunarsamvinnu, bæði faglegt og málefnalegt, og er samstarfið á vettvangi áherslustofnana Íslands mjög virkt. Þá tekur Ísland áfram virkan þátt í samráðsvettvangi Nordic Plus-ríkjanna sem telja Norðurlöndin, Bretland, Holland og Írland. Ísland mun m.a. leggja sitt af mörkum með því að leiða Nordic Plus samstarfið til jafns við önnur framlagsríki.<sup>7</sup> Einnig er átt víðtækt samráð við Norðurlöndin og Eystrasaltsríkin á vettvangi Alþjóðabankans. Þessi lönd mynda eitt kjördæmi innan bankans og deila þar stjórnarsæti og samræma því afstöðu til málefna.<sup>8</sup> Samkomulag ríkir á milli kjördæmislandanna um að Norðurlöndin útnefni til skiptis aðalfulltrúa í stjórn bankans.<sup>9</sup> Ísland er fámennasta aðildarríki bankans sem skipar í stöðu aðalfulltrúa og leiddi utanríkisráðuneytið nú síðast samræmingarstarf kjördæmisins fyrir tímabilið 2019-2021.

Sem framlagsríki til Alþjóðaframfarastofnunar Alþjóðabankans (IDA) á Ísland fulltrúa í samningaviðræðum um reglulega endurfjármögnun hennar, sem og þegar kemur að aðhaldi framlagsríkja við starf stofnunarinnar.<sup>10</sup>

Fyrir tímabundin verkefni sem varða þátttöku Íslands í fjölþjóðlegri þróunarsamvinnu skal tekið tillit til tengdra útgjalda í fjármálaáætlunum. Auk þess skal tryggja að mannauður og nauðsynleg sérþekking sé til staðar og að virk samhæfing sé innan utanríkisþjónustunnar og íslensku stjórnsýslunnar eftir því sem þörf krefur.

## 4.2 Samvinna og samþætting

Framlag Íslands og starf á sviði fjölþjóðlegrar þróunarsamvinnu skal samþættast öðru starfi á sviði þróunarsamvinnu, þar með talið tvíhliða þróunarsamstarfi, og vinna að þeim tíu af 17 heimsmarkmiðum Sameinuðu

---

<sup>7</sup> Löndin skiptast á að leiða samstarfið til eins árs og er áætlað að Ísland muni leiða starfið 2023-2024.

<sup>8</sup> Atkvæðavægi í Alþjóðabankanum fer eftir stofnfjáreign og ríki sem eiga smærri hluti í bankanum mynda kjördæmi og skipar hvert kjördæmi aðalfulltrúa (Executive Director) í 25 manna stjórn hans. Stjórnarfulltrúinn talar máli kjördæmisins og fer með atkvæði þess. Atkvæðinu er ekki hægt að skipta.

<sup>9</sup> Núverandi samkomulag gildir til ársins 2025

<sup>10</sup> Samið er um endurfjármögnun IDA þriðja hvert ár að jafnaði og lauk síðustu samningalotu í desember 2021. Á vettvangi IDA hefur sérstök áhersla verið lögð á jafnréttismál, mannréttindi, umhverfis- og loftslagsmál, málefni hafsins og mikilvægi einkageirans. Í

Þjóðanna sem tiltekin eru í stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands 2019-2023.<sup>11</sup>

Stefna Íslands um alþjóðlega þróunarsamvinnu leggur m.a. áherslu á að styrkja tengslin milli mannúðarstarfs og þróunarsamvinnu og styðja nærumhverfi þar sem neyð og átök eiga sér stað til að efla viðnámsþrek og stuðla að uppbyggingu til framtíðar. Einnig er mikilvægt að gæta samræmis og nýta samlegð milli fjölþjóðlegrar og tvíhliða þróunarsamvinnu Íslands. Þetta kallar á aukið samstarf og samráð innan utanríkisráðuneytisins, sem og við sendiráð og fastanefndir, skilvirkt flæði upplýsinga, auk samræmdar stefnumótunar.

Þá er þróunarsamvinna einnig órjúfanlegur hluti af utanríkisstefnu Íslands. Ávalt skal stuðlað að heildrænni samþættingu á stefnu.<sup>12</sup> Byggist starf Íslands á þeim faglega ramma sem OECD-DAC hefur sett fram fyrir samhæfingu stefnu.

### 4.3 Ábyrgð, eftirlit og árangur

Utanríkisráðuneytið hefur umsjón með framlögum til fjölþjóðlegrar þróunarsamvinnu og ber ábyrgð á að þau séu í samræmi við markmið og áherslur í stefnu Íslands í málaflokknum. Gerð er grein fyrir starfsemi í árlegri skýrslu ráðherra til Alþingis.

Ísland skal beita heildrænni árangursstjórnun<sup>13</sup> og vöktun framlaga til fjölþjóðlegrar þróunarsamvinnu er hluti af því ferli.<sup>14</sup> Stofnanirnar eru vaktaðar af tengslaneti gjafalanda sem framkvæmir óháðar úttektir á starfi þeirra, MOPAN. MOPAN skýrslur og aðrar skýrslur og úttektir um einstök verkefni og stofnanir eru rýndar og metnar í utanríkisráðuneytinu. Jafnframt tekur Ísland þátt í jafningjarýni á vegum OECD-DAC. Markmiðið er að fylgjast með þeim árangri sem framlög skila ásamt því að greina með markvissum hætti hvernig heildarframlögum er best háttað, hvernig virðisauki verður hámarkaður og innlegg Íslands annað en fjárhagslegt nýtist sem best.

Rík áhersla er lögð á skilvirkni og gagnsæi, að fylgjast náið með árangri þeirra verkefna sem Ísland styður og að sinna öflugum upplýsinga- og kynningarstarfi. Árangur skal vandlega skilgreindur, en forsenda þess er að tilgreina með skýrum hætti þau markmið sem Ísland setur sér með fjölþjóðlegri þróunarsamvinnu. Markmiðssetning skal vera í takti við þá grundvallarsýn sem

<sup>11</sup> Þau heimsmarkmið sem Ísland vinnur að með sinni þróunarsamvinnu eru heimsmarkmið nr. 3, 4, 5, 6, 7, 8, 13, 14, 15 og 16.

<sup>12</sup> E. policy coherence, sjá nánar: <http://www.oecd.org/gov/pcsd/>. Samhæfing stefnu felur í sér að stefna íslenskra stjórnvalda í þróunarsamvinnu sé í takt við aðrar stefnur og markmið sem stjórnvöld hafa sett sér, til að fyrirbyggja að markmið og framkvæmd sé mótsagnakennd, en hámarki jafnframt samlegðaráhrif af öllum starfi stjórnvalda í samræmi við undirmarkmið heimsmarkmiða Sp, 17.14.

<sup>13</sup> Árangursstjórnun er aðferð sem setur frammistöðu/árangur í brennidepil og metur hvernig til tekst með afurðir, afrakstur og áhrif að aðgerðum. Stefna og skýr markmið, skipulagðar aðferðir, kerfisbundnar mælingar og eftirfylgni eru meginþættir árangursstjórnunar.

<sup>14</sup> Árangursmat stofnana Sp byggist fyrst og fremst á starfi Multilateral Organization Performance Assessment Network (MOPAN, sjá: <http://www.mopanonline.org/>), sem er netverk gjafalanda sem gerir reglulega óháðar úttektir á starfi alþjóðastofnana.

sett hefur verið fram í þessum stefnumiðum til að gefa löggjafa og öðrum haghöfum kleift að glöggva sig á hvaða árangri Ísland nær með starfinu og hafa virkt aðhald með starfi á sviði alþjóðlegrar þróunarsamvinnu.

Úttektir eru eitt helsta tæki Íslands til eftirlits og lærdóms í þróunarsamvinnu og byggir það starf á úttektastefnu Íslands og viðmiðum OECD-DAC. Úttektir skulu einnig ná til fjölþjóðlegrar þróunarsamvinnu og endurspeglast í úttektaáætlunum Íslands. Þá skal Ísland einnig leitast við að sitja í samráðshópum fyrir úttektir og taka virkan þátt í alþjóðlegum úttektum á þeim fjölþjóðlegu verkefnum sem Ísland veitir framlög til.

